



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjaneshæð, sími: 444-2200

Bætt aðgengi fjölmiðla að hamfarasvæðum á Reykjanesi

Samkomulag er um neðangreint við Blaðamannafélag Íslands.

- 50 númeraðir passar hafa verið gefnir út af Blaðamannafélagi Íslands með samþykki lögreglustjórans á Suðurnesjum og er skipting þeirra niður á fjölmiðla eins og hér greinir.
RÚV - nr. 1-12.
Mbl og Morgunblaðið - nr. 13-24.
Vísir, Stöð 2, Bylgjan - nr. 25-36.
Heimildin - nr. 37-40.
Víkurfrettir - nr. 41-43.
Blaðamannafélag Íslands - nr. 44-50.

Fleiri passar verða ekki gefnir út nema samkomulag verði um annað. Þessir passar eru fyrir blaðamenn (blaðamenn, ljósmyndara og myndatökumenn) ofangreindra fjölmiðla sem veita þóssum viðtöku hjá Blaðamannafélagi Íslands með undirritun fyrir hönd fjölmiðils.

Passar eru gefnir út til 31. desember 2024. Hér má sjá sýnishorn:



- Blaðamannafélagið er með 7 passa (44-50) til ráðstöfunar til sjálfstætt starfandi félagsmanna. Við afhendingu þeirra er nafn viðtakanda skráð og tímalengd afnota. Þessar upplýsingar skal senda á netföngin: almannavarnirsudurnes@logreglan.is og í cc á arnar@almannavarnir.is
- Blaðamenn hafi meðferðis gasmæla (fjörgasmæla).
- Blaðamenn hafi meðferðis gasgrímur.
- Blaðamenn hafi meðferðis öryggishjálma.
- Blaðamenn hafi meðferðis tetra talstöðvar. Talrás SST gulur.
- Blaðamenn klæðist gulum vestum sem eru merkt PRESS á framhlið og bakhlið.
- Blaðamenn hafi meðferðis blaðamannaskírteini sín.
- Ökutæki verði merkt með skýrum hætti viðkomandi fjölmiðli.

Við lokunarpósta geri blaðamenn grein fyrir sér en lögreglustjórinn á Suðurnesjum leitast við að tryggja þeim greiðan aðgang inn á hættusvæði með hliðsjón af öryggissjónarmiðum hverju sinni. Blaðamenn þurfa því ekki að sækja um aðgang fyrir fram í hvert skipti sem þeir koma að lokunarpósti eins og oft hefur verið. Þeir geta þurft að sæta leiðsögn áður en farið er inn fyrir lokunarpósta. Eins getur þurft sérstakt leyfi þegar farið er inn á hættuleg vinnusvæði, sbr. vinnusvæði þungavinnuvéla við gerð varnargarða.

Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna á hamfaratímum við upplýsingaöflun og miðlun upplýsinga og mun lögreglustjórinn á Suðurnesjum leggja sig fram um að tryggja blaðamönnum aðgengi inn á hættusvæði með viðeigandi hætti. Þeir starfi þó ávallt á eigin ábyrgð inn á skilgreindum hættusvæðum.

Reykjaneshæð, 8. mars 2024
Úlfar Lúðvíksson, lögreglustjóri